

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/1999

frá 25. júní 1999

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1083/1999 frá 26. maí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 11b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **399 R 1083:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1083/1999 frá 26. maí 1999 (Stjtið. EB L 131, 27.5.1999, bls. 27).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 190.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 27.5.1999, bls. 27.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1083/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. júlí 1998.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner